

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. janúar 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-152/2010:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. nóvember sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra vaneftnda seljanda, Y, við sölu á bifreiðinni xx. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi afhendi honum álfelgur og sumardekk undir bifreiðina.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 5. desember. Með bréfi, dags. 7. desember var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 15. desember. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 29. október 2010, keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx, Hyundai Tucson 4x4, módelár 2005, af Z hf. en Y var skráður umráðamaður bifreiðarinnar. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 91.000 km og fyrsti skráningardagur hennar 3. ágúst 2005. Kaupverðið var kr. 2.200.000 og greitt annars vegar með bifreiðinni cc og hins vegar með kr. 700.000.

Í framangreindu skjali segir að varahjól, lyftari og felgulykill sé fast fylgifé með bifreið.

Í álitsbeiðni segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið á sumardekkjum þegar hann hafi skoðað hana en hann hafi beðið um að hún yrði sett á vetrardekk sem henni hafi fylgt. Hafi það verið talið sjálfsagt og hafi hann þannig prófað bifreiðina og verið sáttur við hana. Kaupin hafi síðan farið fram. Daginn eftir hafi hann komið á bílasöluna sem annast hafi viðskiptin til þess að ná í sumardekkinn með felgunum en sér þá verið tjáð að þau fengi hann ekki. Hann hafi beðið bílasalann að hringja í Y sem hafi sagt að hann fengi hvorki dekk né felgur. Álitsbeiðandi vitnar til þess að í auglýsingu um bifreiðina komi fram að henni fylgi vetrardekk á álfelgum.

### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Tildrög málsins eru þau að ég Y fór með bifreiðina xx til sölumeðferðar á Bílasöluna A um miðjan september 2010 og þá var engin snjór eða hálka og skrái hann til sölu og skil eftir. Um leið og ég skrái hann segi ég B að ef það færi að koma hálka ætti ég mjög léleg

snjódekk á felgum sem mætti láta fylgja með til að liðka fyrir viðskiptum, bifreiðin var ekin 91.000 km og var á mjög lélegum sumardekkjum enda búið að keyra bílinn á þessum tveimur dekkjagöngum frá því hann var nýr. Síðan ca mánuði síðar, en þá var kominn snjór, hringir B í mig og segir mér að það sé tilboð í bílinn, það sé Honda Jazz nr. EJ 631 og 700 þús. í peningum. Ég fer og kynni mér málinu og segist síðan vera tilbúinn í viðskiptin, en þá hringir B aftur og segir að X vilji fá vetrardekk undir bílinn og þá sé hann tilbúinn til þess að skrifa undir viðskiptin og þá taldi ég að hann vildi ekki fá felgurnar og ónýtu dekkinn, svo að þá fer ég af stað og fékk skipti á felgunum og ónýtu snjódekkjunum og fékk í staðinn nánast ný negld vetrardekk. Fer síðan og læt umfelga þetta í sama húsi og bílasalan er í svo að þeir sáu að bíllinn var á sömu felgunum og hann var þegar X skoðaði hann. Síðan hringir B í X og segir honum að bíllinn sé kominn á vetrardekk og er X þá sáttur. Við hittumst og er gengið frá viðskiptunum og aldrei minnst X á önnur dekk enda hefði þá ekkert orðið af þessu þar sem ég hafði þá látið hinar felgurnar, en það er klárað að ganga frá og allir fara ánægðir heim. En tveimur dögum síðar kemur X á bílasöluna með söluspjaldið sem hafði verið á bílnum og þar stóð að það fylgdu aðrar felgur og vetrardekk og heimtar að fá þær. Þá segir B honum að ég hafi skipt á þessum felgum og fengið snjódekkinn sem hann væri á í dag. X heldur fast við að fá felgurnar og hringir B þá í mig og segir mér hvernig málin standi. Þá segi ég honum að það sé eina í stöðunni að láta viðskiptin ganga til baka því að ég sé búinn að selja felgurnar eins og hann hafi vitað og fer ég síðan með Honduna á bílasöluna og skila henni og reikna með að þetta sé þá frá þessi viðskipti. Síðan kem ég á söluna tveimur dögum síðar því að ég hafði ekki heyrt neitt frá B en þá er Hondan þar sem ég hafði lagt henni en Huyndainn ekkert kominn. Segir B mér þá að X hafi ekki viljað skila Huyndainum og hélt ég þá að hann hafi sætt sig við viðskiptin eins og þau eru. En síðan líður vika eða svo að B hringir aftur í mig og segir að X sé aftur kominn og vilji fá felgurnar. Verð ég þá frekar pirraður og segi að ég hafi haldið að þetta væri úr sögunni þegar hann vildi ekki rifta viðskiptunum og segi Bi að ég eigi ekki felgurnar lengur og fer aftur með Honduna á söluna og segist vilja að viðskiptin gangi til baka því að ég geti ekkert útvegað þessar felgur aftur en allt fer á sömu leið, X vill ekki að viðskiptin gangi til baka. Síðan líða dagarnir og ég hélt að málin væru frá en þá fæ ég bréf frá ykkur, en úr því sem komið er tel ég best fyrir alla aðila að viðskiptin gangi til baka, ég geymi Honduna og er ekkert að nota hana og tilbúinn að skila henni á söluna um leið og þið hafið kveðið ykkar dóm upp þar sem ég á ekki þessar felgur lengur.“

## V

### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Enda þótt Y sé ekki skráður eigandi bifreiðarinnar xx heldur umráðamaður verður að líta á hann sem seljandi í viðskiptum aðila sem hér er fjallað um.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þegar kaup á bifreið eru gerð verður að gera ráð fyrir því að bifreiðin sé með felgur og dekk sem væntanlegur kaupandi getur skoðað og metið. Er í slíkum tilvikum ekki nauðsynlegt að taka svo sjálfsagðan hlut fram í kaupsamningi og afsali. Í því tilviki sem hér um ræðir var og auglýst að bifreiðinni sem álitsbeiðandi keypti fylgdu vetrardekk á álfelgum. Enda þótt það sé ekki tekið fram í kaupsamningi og afsali er það álit kæruneftdarinnar að álitsbeiðandi hafi þannig mátt

gera ráð fyrir að hann fengi bifreiðina á sumardekkjum og henni fylgdu vetrardekk á álfelgum eða þá öfugt, þ.e. að alla vega fylgdu í kaupunum gangar af dekkjum og felgum. Af gögnum málsins kemur fram að seljandi hafi látið setja undir bifreiðina nýleg vetrardekk á felgurnar sem voru undir bifreiðinni til þess að af kaupunum yrði og sýnist kaupandi hafa fengið bifreiðina þannig afhenta. Hins vegar kemur hvergi fram í gögnum málsins að álitsbeiðandi hafi af þeim sökum eða öðrum afsalað sér rétti til þess að fá álfelgurnar sem auglýstar voru og þau dekk sem bifreiðin var upphaflega á eða þá vetrardekkinn sem á álfelgunum voru, enda þótt seljandi kunni að hafa talið að svo væri. Seljanda hefði borið að ganga úr skugga um það hvort álitsbeiðandi sætti sig við að fá bifreiðina með einum dekkjagangi þar sem í raun var auglýst að henni fylgdu tveir gangar. Það því niðurstaða kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt til þess að fá þær álfelgur sem auglýstar voru svo og sumardekk sem undir bifreiðinni voru þegar hún var auglýst til sölu auk þeirra felga og vetrardekkja sem undir hana voru sett áður en kaupin fóru fram, enda þótt hann hafi ekki tekið sumardekkinn og álfelgurnar með sér þegar hann fékk bifreiðina afhenta.

Seljandi hefur lýst því að hann geti ekki afhent álfelgurnar þar sem hann hafi selt þær og vill rifta kaupunum af þeim sökum sem álitsbeiðandi hefur ekki fallist á. Kærunefndin hafnar því að seljandi eigi rétt á að rifta kaupunum af þessum sökum, til þess eru engar forsendur að lögum. Kærunefndin telur að þrátt fyrir að seljandi hafi selt framangreind dekkjagang og felgur beri honum engu að síður skylda samkvæmt samningum aðila að afhenda álitsbeiðanda þessa hluti eða þá sambærilega, að öðrum kosti verður ekki litið svo á að seljandi hafi ekki staðið við samningana við álitsbeiðanda að sínu leyti heldur vanefnt þá, sbr. ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/2000. Geti seljandi ekki afhent álitsbeiðanda dekkjaganginn eða sambærilegan dekkjagang og álfelgur er það álit kærunefndarinnar að honum beri að greiða álitsbeiðanda bætur sem nemi verðmæti felganna og sumardekkjanna sem seljandi segir að hafi verið mjög léleg, þ.e. greiði honum skaðabætur þess í stað. Það er að sjálfsögðu erfitt fyrir kærunefndina að leggja mat á það hver sú fjárhæð ætti að vera, en samkvæmt upplýsingum sem hún hefur aflað sé telur hún að bæturnar séu hæfilega áætlaðar kr. 100.000.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir